

Nr. 18-190 S 131 Fróði II ÁR 38**Leki í vélarúmi**

Skipaskr.nr. 2773
Útgerð: Rammi hf
Smíðaður: Skotlandi 1998, stál
Stærð: 356,2 bt.
Mesta lengd: 27,56 m Skráð lengd: 23,98 m
Breidd: 8,52 m Dýpt: 4,9 m
Vél: Caterpillar 681 kW, 1997
Fjöldi skipverja: 9



Fróði II©NN

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 24. maí 2019 af Geirþróði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 23. október 2018 var Fróði II ÁR 38 á togveiðum á SV miðum. Veður: NVN 6 – 7 m/s.

Gámaskipið Goðafoss tilkynnti til Vaktstöðvar siglinga að talsverður sjór væri kominn í vélarúm Fróða. Skipstjóri Fróða hafði reynt að ná símasambandi við dráttarbátinn Lóðsinn en ekki tekist. Vaktstöðin hafði samband við Lóðsinn sem fór áleiðis til skipsins. Skipverjum tókst að dæla úr rýminu, gangsetja vélina og sigla skipinu til Vestmannaeyja.

Við rannsókn kom fram:

- að lekin var með samsetningu á plaströri í vélarúminu sem lá að krapavél. Plaströrið hafði losnað í rörfestingu og hrist það mikið að samsetningin losnaði upp;
- að illa gekk að lensa vélarúmið þar sem óhreinindi voru í síu á soglögn austurskerfsins. Eftir að sían hafði verið hreinsuð gekk vel að lensa úr vélarúminu;
- að sjó komst í fremri gír og var skipt um olíu á honum en annar búnaður í vélarúminu var í lagi.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en bendir á að mikilvægt sé að síur í austurkerfum séu hreinsaðar reglulega þannig að kerfin séu nothæf á neyðarstundu.